

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2019/478****2020/EES/5/16****frá 14. janúar 2019****um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar flokka sendinga sem eiga að falla undir opinbert eftirlit á landamæraeftirlitsstöðvum (*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 frá 15. mars 2017 um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi sem miðar að því að tryggja að lögum um matvæli og fóður og reglum um heilbrigði og velferð dýra, plöntuheilbrigði og plöntuverndarvörur sé beitt og um breytingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 999/2001, (EB) nr. 396/2005, (EB) nr. 1069/2009, (EB) nr. 1107/2009, (ESB) nr. 1151/2012, (ESB) nr. 652/2014, (ESB) 2016/429 og (ESB) 2016/2031, reglugerðum ráðsins (EB) nr. 1/2005 og (EB) nr. 1099/2009 og tilskipunum ráðsins 98/58/EB, 1999/74/EB, 2007/43/EB, 2008/119/EB og 2008/120/EB og um niðurfellingu á reglugerðum Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 854/2004 og (EB) nr. 882/2004, tilskipunum ráðsins 89/608/EBE, 89/662/EBE, 90/425/EBE, 91/496/EBE, 96/23/EB, 96/93/EB og 97/78/EB og ákvörðun ráðsins 92/438/EBE (reglugerð um opinbert eftirlit) ⁽¹⁾, einkum 3. mgr. 47. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er komið á fót ramma um opinbert eftirlit og aðra opinbera starfsemi til að sannreyna að löggjöf Sambandsins um matvæli og fóður sé beitt með réttum hætti. Þessi rammur nær yfir opinbert eftirlit sem haft er með dýrum og vörum sem koma inn til Sambandsins frá þriðju löndum.
- 2) Með reglugerð (ESB) 2017/625 er þess krafist, að því er varðar tiltekna flokka dýra og vara, að hver sending falli undir opinbert eftirlit á tilnefndri landamæraeftirlitsstöð þar sem þær komu fyrst inn til Sambandsins vegna þeirrar áhættu sem þessir flokkar dýra og vara geta skapað fyrir heilbrigði manna og dýra.
- 3) Til viðbótar þeim flokkum sendinga sem þegar eru skráðir í reglugerð (ESB) 2017/625 ættu matvæli sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu (samsettar afurðir), sem og hey og hálmur, að hlíta opinberu eftirliti á landamæraeftirlitsstöðvum þar eð þau geta einnig skapað áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra.
- 4) Því ætti að breyta reglugerð (ESB) 2017/625 til samræmis við það.
- 5) Þar eð reglugerð (ESB) 2017/625 gildir frá og með 14. desember 2019 ætti þessi reglugerð einnig að koma til framkvæmda frá og með þeirri dagsetningu.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað b-liðar 1. mgr. 47. gr. reglugerðar (ESB) 2017/625 kemur eftirfarandi:

„b) afurðum úr dýraríkinu, kímefnum, aukaafurðum úr dýrum, heyi og hálmum sem innihalda bæði vörur úr jurtaríkinu og unnar afurðir úr dýraríkinu („samsettar afurðir“).“

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttíð. ESB L 82, 25.3.2019, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 279/2019 frá 13. desember 2019 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(¹) Stjttíð. ESB L 95, 7.4.2017, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. desember 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. janúar 2019.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Jean-Claude JUNCKER

forseti.
